

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 7. maí 2025

Mál nr. E-1259/2024:

**Einar Þór Gunnlaugsson**

(Sjálfur ólöglærður)

gegn

**Arnaldi Mána Finnssyni**

(Ingvi Hrafn Óskarsson lögmaður)

## Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl 2025, var höfðað 22. febrúar 2024 af Einari Þór Gunnlaugssyni, [...], gegn Arnaldi Mána Finnssyni, [...].
- Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefnda verði dæmd dauð og ómerk:  
„Ég veit ekki af hvaða ástæðu Einar fyrirleit þessa af jafn miklu offorsi og raun bar vitni, man bara eftir því að hafa orðið vitni af því þegar hann réðst á þessa svona 1993–1994.“  
„Þessi langvarandi og ofbeldisfulla tilraun þín til að taka yfir félagið, ljúga upp skuldum og innistæðum.“  
„... hefur tæmt alla sjóði félagsins.“
- Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu auk álags á málskostnað.
- Stefnandi hafði bæði uppi fjárkröfu um skaða- og miskabætur úr hendi stefnda og A í máli þessu auk þeirra krafna sem hér sæta úrlausn. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 13. maí 2024, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar frá 13. maí 2024 í máli nr. 437/2024, var fjárkröfu stefnanda vísað frá dómi.

Helstu málsatvik

6. Stefnandi er föðurbróðir stefnda en faðir stefnda er fallinn frá. Aðilar málsins eru ásamt öðrum skyldmönnum hluthafar í Hvilft ehf. sem er félag sem stofnað var árið 2011 um eignarhald og rekstur fasteigna í Öfundarfirði. Nánar tiltekið á félagið jörðina Hvilft og íbúðarhús og önnur mannvirki á henni. Mun jörðinni hafa verið ráðstafað til félagsins úr dánarbúi B, föður stefnanda og afa stefnda.
7. Stefnandi og stefndi voru meðal stofnenda Hvilftar ehf. C mun hafa verið hluthafi í félaginu fyrstu árin en stefnandi komið fram í hennar umboði vegna starfsemi félagsins. Af gögnum málsins má ráða að stefnandi hafi ásamt stefnda setið í stjórn félagsins við stofnun þess en hætt í stjórninni 2013. Stefndi hætti í stjórninni 2014 en kom aftur inn í hana 2021. Þá kom stefnandi aftur inn í stjórn félagsins árið 2023. Árið 2021 mun stefnandi hafa yfirtekið hlutfé C og á 24% hlut í félaginu en stefndi 30%.
8. Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur hafi orðið milli haghafa um starfsemi félagsins fljótlega í kjölfar stofnunar þess, en þar er m.a. að finna nokkurn fjölda tölvubréfa þar sem stefnandi gagnrýnir ýmis störf þeirra er haft hafa aðkomu að félaginu og þá einkum stefnda. Mun ágreiningurinn m.a. hafa lotið að fjárhag félagsins svo og eignum er því tengdust og meðferð þeirra, auk þess sem persónulegar deilur voru milli aðila málsins. Samhengisins vegna er rétt að víkja nánar að tilteknum gögnum máls þessa og samskiptum aðila sem varða starfsemi Hvilftar ehf. og deilur þeirra.
9. Fyrir liggur bréf frá stefnanda varðandi stefnda frá 18. júní 2014 þar sem óskað er eftir því að erindið verði tekið fyrir á félags- eða aðalfundi Hvilftar ehf. Þar er m.a. óskað eftir upplýsingum um umsamda leigu vegna veru á Hvilft áramótin 2013/2014, skuld félagsins við stefnda, hvernig ákvörðun um sölu á frystikistu var tekin og framkvæmd, hvar tiltekin græn kista væri niðurkomin og hvar reiðhjól væri að finna. Þá liggur fyrir bréf stefnanda til A 3. október 2014 þar sem hann ítrekar beiðni um hluthafafund, m.a. vegna stefnda. Segir þar að athugasemdir stefnanda 2012 og 2014 vegna umgengni og einnig óvissustjórnunar stefnda hafi verið ófyrirgefanlegar. Í bréfinu gagnrýnir stefnandi m.a. umgengni stefnda um húsnæðið að jörðinni Hvilft og að stefndi hafi búið í eigninni án samkomulags.
10. Í tölvubréfi stefnanda 10. október 2014 til D, föður stefnda, reifar hann sáttaferli. D svaraði tölvubréfinu 12. s.m. og kvaðst sammála stefnanda um að enda yrði núverandi ástand og skapa nýja og uppbyggilegri fleti á „öllu þessu dæmi“. Kvaðst D ekki hafa sent stefnda „tilskrifelsi“ og stefndi viti ekkert um símtal þeirra tveggja.

11. Í tölvubréfi stefnda til stefnanda, auk þriggja annarra, 9. september 2015 segir m.a. „Í hvert skipti sem [stefnandi] hefur setið í stjórn félagsins hefur eitthvert upphlaup orðið til þess að viðkomandi stjórn verður óstarfhæf og þess vegna var ákveðið að þrír meðstjórnendur gætu sinnt störfum ritara hverju sinni ásamt tveimur stjórnarmeðlimum, prókúruhöfunum [A] og [E].“
12. Stefnandi hefur lagt fram tvö skjöl, annars vegar frá 3. október 2014 og hins vegar frá 28. júlí 2019, sem hann nefnir kröfur um nálgunarbann, þar sem hann óskar eftir því við stefnda að hann undirriti yfirlýsingu um að virða friðhelgi stefnanda með nánar tilteknum hætti, m.a. ekki eiga í samskiptum við hann. Hinn 29. júlí 2019 svaraði stefndi tölvubréfi stefnanda um nálgunarbann og tiltók að erindið yrði áframsent til stjórnar enda varðaði það einungis samskipti sem kæmu Hvilft ehf. við.
13. Fyrir liggur tölvubréf stefnda til stefnanda og F 8. febrúar 2016, undir fyrirsögninni Skilaboð þar sem segir m.a.: „[É]g spurði hvort þú værir á Hvilft – í umræddum skilaboðum. Það var fyrst og fremst vegna þess að ég ætlaði að biðja þig að koma fyrir krossi sem er tilbúinn á Ísafirði á leiði bróður þíns. Veit ekki hvort þú lítur á það sem truflun að sinna slíku.“ Stefnandi svaraði tölvubréfinu 9. s.m. þar sem segir orðrätt: „Sæll, það verður farið yfir þetta mál, alls ekki misskilja það – hef bara ekki tíma í þetta núna og vil frið – en þá verður væntanlega þér bent á td hvers vegna þessi erindi/tpóstur þinn sem upprunalega er erindislaus (en hefir nú skyndilega skilaboð) er hluti af marg endurteknum ofbeldishring, sem þú sérð ekki né virðist skilja eða þekkja“.
14. Fyrir liggur uppfærð skýrsla stjórnar Hvilftar ehf. 12. mars 2019 vegna fyrri hluta árs 2018 (janúar til júní) sem E, A og G eru skrifaðar fyrir. Þar er m.a. dvöl hluthafa á jörðinni Hvilft lýst á umræddum tíma svo og að stefnandi hafi haft afskipti af útleigu eignarinnar án heimildar stjórnar. Í lokaorðum skýrslunnar segir: „Þessi stjórn hefur átt gott samstarf en segjast verður að starfsskilyrðin hafa ekki alltaf verið auðveld. Sérstaklega vill þessi stjórn nefna miklar gagnrýnisraddir og aðfinnslur frá [stefnanda] og eru undirritaðar allar sammála um að það hafi áhrif á starfsgleði og kraft þeirra sem í stjórn sitja.“
15. Hinn 11. september 2019 sendi stefnandi erindi til teymis Þjóðkirkjunnar varðandi stefnda, sem þá var starfandi prestur, vegna ósæmilegrar hegðunar hans. Í bréfinu sagði að um væri að ræða þrotaleið og neyðarúrræði til að stöðva stafrænt áreiti stefnda. Reifar stefnandi þar tiltekin samskipti við stefnda svo og nálgunarbann sem stefnandi hafi borið

undir stefnda. Af gögnum málsins má ráða að erindið hafi ekki hlotið efnislega meðferð á vettvangi Þjóðkirkjunnar.

16. Hinn 10. febrúar 2020 fór stefnandi fyrir hönd C fram á að tilnefndir yrðu rannsóknarmenn á grundvelli 72. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög til að rannsaka nánar tiltekin atriði er vörðuðu starfsemi Hvilftar ehf., þ.e. er vörðuðu viðskipti með hluti í félaginu árið 2015. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafnaði þeirri beiðni með bréfi 9. febrúar 2021.
17. Þá kærði stefnandi fyrir hönd C hinn 17. september 2020 ákvörðun ríkisskattstjóra frá 21. ágúst s.á. um að hluthafafundur í Hvilft ehf. 19. júní og 12. september 2019 hefðu verið lögmætir og þær ákvarðanir sem þar voru teknar. Með úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 14. júní 2021 var niðurstaða ríkisskattstjóra staðfest.
18. Hinn 18. júní 2021 sendi stefnandi aftur erindi til teymis Þjóðkirkjunnar um stefnda ásamt afriti af gögnum. Þar kom m.a. fram að auk þeirra upplýsinga sem fram hefðu komið í fyrra erindi væri við það að bæta að krafa um nálgunarbann yrði ekki endurskoðuð fyrr en stefndi leitaði sér aðstoðar hjá [...] eða sambærilegu. Hvað varðaði álit teymisins 23. janúar 2020, vegna fyrra erindis stefnanda til þess frá 11. september 2019, vísaði stefnandi til þess að hann teldi stefnda sveipa ítrekað áreiti og stafrænt ofbeldi einhvers konar trúverðugleika með starfsstöðu sinni innan Þjóðkirkjunnar og hann nýtti sér það einnig til að etja fólki gegn þeim sem ekki þóknast „narsissitriskri“ hegðun. Síðasta erindi stefnda 16. mars 2021 sýndi að á meðan stefnda væri gefinn laus taumurinn, líkt og álit viðbragðsteymis hafi stuðlað að með aðgerðaleysi sínu, aukist ofbeldið. Í niðurlagi bréfsins er þess farið á leit við viðbragðsteymi Þjóðkirkjunnar að það beiti sér fyrir nálgunarbanni svo stefndi láti af því að „leggja líf okkar í rúst áður en meiri skelfing á sér stað“.
19. Af framlögðum gögnum málsins má ráða að stefndi hafi átt í samskiptum við starfsmann fyrirtækjaskrár vegna skráningar stjórnar Hvilftar ehf. í skrána. Í tölvubréfi stefnda 6. maí 2021 kemur m.a. fram að stefnandi hafi gert athugasemdir við og reynt að hindra eðlilegan framgang mála hjá félaginu. Stjórn félagsins sé nú formleg og rétt skráð. Vísar stefndi m.a. til bréfs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 9. febrúar s.á., þar sem kröfum stefnanda fyrir hönd C um tilnefningu rannsóknarmanna var hafnað. Hinn 21. júní s.á. sendi starfsmaður fyrirtækjaskrár stefnda tölvubréf þar sem fram kom að gerð væri athugasemd við tilkynningu frá Hvilft ehf. varðandi undirritun tilkynningar um breytingu á stjórn í félaginu. Stefndi svaraði tölvubréfinu daginn eftir og spurði hverju

það sætti að samþykktir félagsins hefðu enn ekki verið skráðar þrátt fyrir ítarlegt ferli hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og að tímabundinni læsingu á starfsemi félagsins hjá skattyfirvöldum hefði verið aflétt. Samdægurs svaraði starfsmaður fyrirtækjaskrár og upplýsti um að málið væri enn í ferli þar sem samþykktunum hefði verið andmælt og beðið væri eftir svörum við þeim andmælum. Eftir það yrði ákvarðað í málinu og ákvörðun tekin um hvort samþykktir yrðu skráðar. Stefndi sendi í kjölfarið tölvubréf til umrædds starfsmanns fyrirtækjaskrár, að því er virðist 22. júní 2021, þar sem segir orðrétt: „Einstaklingurinn sem um ræðir hefur nú tæmt alla sjóði félagsins með málarekstri sínum – sem í hverju efni – og sístæðum þrætum í nærri heilan áratug, hefur staðið í stríði við aðra hluthafa og eigendur í félagi sem stofnað var um viðhald og rekstur ættarjarðar.“ Þar segir stefndi jafnframt: „Með fullri virðingu fyrir þínum störfum – en þar sem þráhyggju-þrætur einstaklinga við kerfið og hið opinbera virðist vera algengt vandamál – þá vil ég bæði þakka skjót svör, og óska skjótrar úrlausnar mála.“

20. Hinn 27. október 2021 kvartaði stefnandi til Biskupsstofu yfir því að stefndi hefði nýtt netfang sitt hjá Þjóðkirkjunni í samskiptum við fulltrúa fyrirtækjaskrár vegna starfsemi Hvilftar ehf. Sagði í erindinu að um augljósa misnotkun á tölvupóstfangi kirkjunnar væri að ræða sem auðsýnilega væri gert í þeim tilgangi að ljá máli stefnda meiri þunga og trúverðugri blæ.
21. Í tölvubréfi H til stefnanda 1. febrúar 2022 kemur fram að á fundi hennar með m.a. stefnda 15. nóvember 2021 hafi verið áréttað við stefnda að nota ekki vinnunetfang eða tölvupóst í persónulegum tilgangi.
22. Af gögnum málsins má ráða að stefnandi hafi kært stefnda til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, 10. júní 2022 og með skriflegri kæru 4. júlí s.á., og krafist m.a. nálgunar-banns.
23. Hinn 19. júlí 2023 sendi stefnandi tölvubréf til stefnda auk tveggja annarra þar sem hann sagðist þarfnast staðfestingar á friði, friðarskyldu, af hendi stefnda svo að ekki yrði fyrir-sát eða samskiptasögutilbúningur. Vísaði stefnandi til hjálagðra mynda en umsagnir stefnda um að hafa þrifið og slegið að Hvilft væru ósannar og kerra hafi verið tóm. Hún hafi verið þannig útbúin að einn maður gæti fest hana við dráttarkúlu á bíl. Stefndi hafi engu að síður fengið mann til að aðstoða sig við kerruna, skipulagið og hugsunin á bak við þetta hafi ekki verið nýlunda en aðgerð stefnda beri merki um meiri örvæntingu sem þá hafi án vitneskju stefnanda lokið ferli sínum hjá Þjóðkirkjunni fyrir að reyna að eyði-leggja trúverðugleika stefnanda yfir langt tímabil. Stefnandi hafi bent stefnda á að hann

þarfnaðist aðstoðar og ætti að leita sér hjálpar. Sagði stefnandi að hann vissi ekki um neinn nema e.t.v. Í sem tengdist málefninu og staðnum sem ekki áttaði sig á því að „þið“ hafið ofsótt mig í áraraðir, þetta dæmi sé aðeins stigmögnun og ein ástæða þess að ekki sé kostur að eiga í samskiptum við stefnanda og A án vitna eða skriflegra samskipta.

24. Hinn 20. s.m. svaraði stefndi fyrirnefndu tölvubréfi. Sagði hann m.a.: „Að sjálfsögðu er fráleitt að ganga að ofbeldis-hótunum og skilmálum einstaklings sem stærir sig af því að hafa haft þau áhrif á vinnuveitanda minn, að ég hafi misst vinnuna. Það er greinilegt að það hefur verið markmið þitt, líkt og þegar trúnaðarupplýsingum um ‘hernað þinn’ gegn mér var ‘lekið’ til vafasamra fjölmiðla.“
25. Stefnandi sendi tölvubréf til stefnda og þriggja annarra 21. ágúst 2023 þar sem fram kom m.a. að ekki væri um fjölskyldudrama eða ættaráttök að ræða. Um væri að ræða skipulagða atögu til auðgunarbrotis og tilraunir til að eittra og eyðileggja líf annarra til að fá sínu framgengt. Af samhengi tölvubréfsins má ráða að það hafi verið svar við tölvubréfi sem fram kom í kjölfar þess að stefnandi krafðist skaða- og miskabóta 21. júlí s.á. úr hendi stefnda.
26. Stefnandi sendi tölvubréf til stefnda, A, I og F 21. september 2023 þar sem sagði að „Orkubú vestra“ hefði haft samband vegna lokunar á rafmagni, aprílreikningur væri ógreiddur. Samdægurs svaraði tölvubréfinu A og sagði að henni þætti það undarlegt. Þá hafi fleiri reikningar verið faldir í heimabankanum á umræddu ári og ekki af henni. Ekki væri hægt að greiða þennan reikning nema fleiri legðu til fjármagn. Hún væri á [...] og gæti ekki haldið áfram að leggja fjármagn til félagsins. Stefnandi svaraði 22. s.m.: „raunveruleikatengsli alveg farin núna?“ Samdægurs svaraði I tölvubréfinu og sagði að lágmarkskurteisi væri líklega ágætt að viðhafa í samskiptum á tölvubréfaþræðinum. Samdægurs svaraði stefnandi m.a.: „á þessum vettvangi er svokölluð „lágmarks kurteisi“ löngu orðið að sjónarspil glæpamanna uppá yfirborðið þeirra og gildir ekki í þessari veröld sem þú ert mætt í, haltu þér á mottunni.“ Í svartölvubréfi A 23. s.m. tiltók hún m.a. að eina lausnin væri að skipta eigninni upp eða selja hana á markaðsvirði. Þau gætu ekki átt eignina saman. Hún og F, svo og mögulega stefndi, vildu selja hluti sína fyrir rétt verð. Samdægurs svaraði stefnandi tölvubréfinu og tiltók m.a. að ógjörningur væri að setja eignina á sölu í því ástandi sem hún væri í. Óvissa væri um eignarhluti stefnda og A. Stefnandi sendi svo annað svarbréf 3. október s.á. þar sem sagði: „brot af þeim tþóstum um ýmiss mál er að reyna að forða dómsmáli vegna hlutaviðskiptanna td, það mætti teljast bersýnilegt einsog skortinn á lagarökum, orðið „þrætur“ er annað. vilja

hlutaðeigendur frekar dómsmál þar sem fram kemur ýmiss háttsemi fyrir allra augum og barnanna og unglíngana ma eða að semja sig niður á ásættanlegan punkt, sölutilraun undir þessum kringumstæðum kalla á viðbrögð sem sæi ekki fyrir endan á, þarna er ma hlutverk fullt'rua ykkar að semja sig niður á plan myndi ég halda.“

27. Hinn 4. október 2023 svaraði stefndi tölvubréfi stefnanda og sagði orðrétt: „Sæll Einar þessi langvarandi og ofbeldisfulla tilraun þín til að taka yfir félagið, ljúga upp skuldum og innistæðum, draga í efa lögmætar ákvarðanir osfrv. er loks að sliga það fólk sem í einfaldni sinni gekk í félag með þér. Nú þegar við sjáum frammá að það sé fullreynt, þá hótarðu dómsmáli fari svo að við reynum að losna. Hvað svo? Því spyr ég þig einfaldlega; ert þú tilbúinn til að gera bindandi kauptilboð í hluti mína í Hvilft ehf.?“
28. Hinn 5. október 2023 sendi F stefnanda, stefnda, I og A tölvubréf undir fyrirsögninni „Til stjórnar Hvilftar ehf.“ Þar reifar hún ófrægingarherferð sem stjórn félagsins hafi farið í gagnvart henni, m.a. að hún hafi verið sögð óheiðarleg, ekki greitt gjöld, stolið af reikningum félagsins og sögð ljúga og blekkja. Allt væri þetta siðlaus og innistæðulaus tilbúningur. Stefndi svaraði tölvubréfapræðinum samdægurs og sagðist ekki kannast við að hafa staðið að því sem F reifaði í tölvubréfinu. Sagði hann m.a. að framganga sem stefnandi hefði sýnt honum væri aðskilið atriði. Það væri á hans ábyrgð að hafa aldrei skilið á milli persónunnar D og sonar hans, stefnda. Stefndi svaraði tölvubréfinu daginn eftir og sagðist m.a. hafa endursent fyrir um daginn tölvubréf um „glæpi þessa fólks“. Þar sagði hann jafnframt: „það koma bara nýjar og nýjar sögur því þetta er ekki ættarmál eða familíbissniss, þetta eru ordinary glæpir og þjófnaður og yfirhyllmingin felst í að bera út þennan hroða um aðila sem stoppa þau af, t.d. 7 mil kr þjófnaður af [J] gersovel.“
29. Stefndi svaraði tölvubréfapræðinum samdægurs og sagðist m.a. hafa árum saman reynt að ná til botns í þeirri spurningu hvernig heilvita maður hefði getað tekið þau skref sem stefnandi hefði tekið snemma árs 2016. Sagðist hann gangast fúslega við þeim mistökum sem hann vissi að særðu eða hefðu sært aðra og hefði reynt að biðjast fyrirgefningar og bæta fyrir þau. Samskipti um slíkt krefðust þess þó af báðum aðilum að geta horft til eigin gjörða, virða samhengi og tilfinningar. Þá sagði hann orðrétt: „Ég veit ekki af hvaða ástæðu Einar fyrirleit þabba af jafn miklu offorsi og raun bar vitni, man bara eftir því að hafa orðið vitni af því þegar hann réðst á þabba svona 1993–1994. Kannski hefur aldrei orðið neitt heilt síðan þá. Og af hverju það hatur var svo yfirfært á mig; hann verður að útskýra rót þess sjálfur.“

30. Hinn 2. apríl 2024, eftir höfðun máls þessa, lagði stefnandi fram kröfu um lögbanh hjá sýslumanninum á Vestfjörðum sem beint var gegn Hvilft ehf., stefnda og öðrum stjórnarmönnum félagsins. Krafðist hann annars vegar lögbanns og/eða riftunar á gerðum eða fyrirhuguðum leigusamningi eða veitingar sambærilegs umboðs til ráðstöfunar eignar, á milli 3ja stjórnarmeðlima við sjálfan sig. Þá krafðist hann jafnframt aðgengis að eign félagsins.
31. Stefnandi höfðaði mál gegn Hvilft ehf., stefnda, A, J og K sem þingfest var 11. apríl 2024 þar sem hann hafði m.a. uppi fjárkröfu gegn félaginu vegna þriggja reikninga vegna viðhalds og umsýslu eigna félagsins. Málinu lauk með dómsátt.

## B

32. Stefnandi og stefndi gáfu aðilaskýrslur við aðalmeðferð málsins. Þá gáfu skýrslur vitnin E, fyrrum hluthafi í Hvilft ehf., F, [...] og hluthafi í Hvilft ehf., H, lögfræðingur [...], A, hluthafi og stjórnarmaður í Hvilft ehf., og I, fyrrum stjórnarmaður í Hvilft ehf. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

### *Helstu málsástæður stefnanda*

33. Stefnandi vísar til þess að rétturinn til einkalífs nái yfir heimili, fjölskyldu, samskipta- aðila og vinnustaði. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sé æru og einkalífi veitt sérstök refsivernd. Í lögnum sé gert refsivert að raska friði annars manns með því að ofsækja hann með bréfum eða á annan hátt og meiða æru annars manns eða með móðgun í orðum og athöfnum. Undirstöðu meiðyrðalöggjafarinnar megi finna t.a.m. í 229., 234. til 237. og 240. gr. laga nr. 19/1940. Lögð sé refsing, sektir eða fangelsi, við því að meiða æru annars manns með móðgun og hafa uppi aðdróttanir svo að virðingu hans sé hnekkt. Einnig sé lögð þyngri refsing við því að bera ærumeiðandi aðdróttanir út gegn betri vitund. Stefnandi eigi verndarhagsmuni sem byggist á viðteknum siðferðis- og siðgæðissjónarmiðum sem eigi að vernda tilfinningar fólks og friðhelgi. Þegar horft sé til ummæla stefnda beri að gera greinarmun á gildisdómi og staðhæfingum um stað- reyndir. Tjáning stefnda um stefnanda sem órökstuddur gildisdómur feli ekki í sér vernd m.t.t. tjáningarfrelsis heldur verði að eiga sér stoð í málsatvikum.
34. Byggir stefnandi á því að á einum stað saki stefndi stefnanda um líkamsárás gegn aðila sem hafi verið stefnanda mjög kær. Engar sannanir liggi fyrir um að aðdróttanir stefnda eigi sér stoð í raunveruleika, sbr. athugasemdir með frumvarpi til laga nr. 19/1940 um 235. gr. Sé horft til tölvubréfa stefnda til fyrirtækjaskrár árið 2021 beri að horfa til þess

að bæði sé um að ræða valdaójafnvægi, þegar trúverðugleiki Þjóðkirkjunnar sé notaður, en einnig viðtakanda, opinberrar stofnunar sem stefnandi eigi í samskiptum við m.t.t. reksturs fyrirtækis síns. Sótt hafi verið að æru stefnanda og brotin ítrekuð.

35. Hvað varðar fyrstu ummælin sem krafist er ómerkingar á vísar stefnandi og til þess að sú fullyrðing stefnda sé augljóslega röng þar sem vinskapur hafi verið milli stefnanda og föður stefnda, auk þess sem stefnandi hafi verið búsettur í Lundúnum 1993 og 1994. Þá séu önnur ummæli stefnda röng og ósönnuð. Að auki séu þriðju ummælin augljóslega röng enda hafi stefnandi ekki haft möguleika á að tæma sjóði Hvilftar ehf. með enga prókúru.

#### *Helstu málsástæður stefnda*

36. Stefndi byggir á því að ummæli hans sem um er deilt í málinu séu lögmæt og teljist ekki meiðyrði. Í öllum tilvikum sé um að ræða tjáningu sem njóti verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, bæði í ljósi dómaframkvæmdar á Íslandi og dóma Mannréttindadómstólsins. Takmörkun á tjáningarfrelsi þurfi að beita af varfærni, og aðeins ef nauðsyn krefji, sérstaklega þegar um sé að ræða persónulega tjáningu. Þá eigi aukinheldur sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi við vegna aðstæðna og atvika sem tengist ummælunum og aðdraganda þeirra að öðru leyti.
37. Bendir stefndi á að þótt ummæli kunni að þykja hvöss verði að meta þau í samhengi við fyrri samskipti aðila og aðdraganda þeirra og ástæður. Horfa verði til þess að ummælin falli öll í tengslum við samskipti sem varði sameiginlegt eignarhald að Hvilft ehf. og að hvöss orðaskipti hafi átt sér stað á vettvangi félagsins um málefni þess um árabíl, ekki síst af hálfu og að frumkvæði stefnanda sjálfs. Líta verði til þess að ummælin séu að hluta til sett fram til þess að verjast atlögum af hálfu stefnanda og til þess að verja lögmæta hagsmuni Hvilftar ehf. sem stefndi hefur verið í fyrirsvari fyrir. Ummælin hafi verið sett fram í góðri trú, ekki farið með ósannindi, og orðin falið í sér tjáningu sem eigi bakgrunn eða grundvöll í atvikum sem stefndi hafi upplifað sjálfur. Að hluta sé um að ræða gildisdóma um framgöngu stefnanda, sem lýsi skoðun stefnda á framgöngu stefnanda, en slík tjáning, eins og hún sé fram sett af stefnda og í því samhengi sem um ræðir, teljist ekki meiðyrði í skilningi laga.
38. Þá vísar stefndi til þess að engin ummælanna hafi verið borin fram á opinberum vettvangi til þess að vega að æru stefnanda, heldur sé um að ræða orðaskipti, sem hafi farið fram í

þröngum hópi, sem tengist ágreiningi aðila, og varði deilur um starfsemi einkahlutafélagsins Hvilftar, sem að mati stefnda séu að mestu leyti tilkomnar vegna framgöngu stefnanda sjálfs. Telji dómurinn að einhver ummælanna geti hugsanlega við aðrar aðstæður talist refsiverð meiðyrði, þá teljist ummælin refsilaus með vísan til 239. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ómerking ummælanna geti ekki komið til álita með vísan til meginreglunnar sem 239. gr. laga nr. 19/1940 endurspeglar, þ.e. á grundvelli sjónarmiða um *retorsio* eða orðhefnd. Viðbrögð stefnda teljist í öllum tilvikum léttvæg í samanburði við þau hnjóðsyrði og þær ásakanir sem stefnandi hafi beint gegn stefnda.

39. Varðandi fyrstu ummælin sem krafist er ómerkingar á vísar stefndi til þess að ummælin hafi fallið á samræðuþræði í tölvubréfasamskiptum hluthafa Hvilftar, 6. október 2023. Horfa verði til samhengis þeirra en í aðdraganda umþrættra ummæla, stuttu áður, hafi stefnandi veist að stefnda og fullyrt að hann bæri ábyrgð á „ófrægingarherferð“ og bætt svo í með því að lýsa framgöngu stefnda og A hluthafa svo: „*þetta eru ordinary glæpir og þjófnaður og yfirhýlmingin felst í því að bera út þennan hroða um aðila sem stoppa þau af, t.d. 7 mil þjófnaður af [J] gersovel....vinsaml. nefnið ekki [K] á þessum vettvangi, magn heimsku eins manns er tú möts....*“
40. Ummæli stefnda séu því viðbrögð við staðlausum ásökunum stefnanda um ófrægingarherferð, glæpi, þjófnað og yfirhýlmingu. Ummælin hafi fyrst og fremst verið fólgin í hugleiðingum, settum fram í einlægni, um hvaðan sú megni óvild væri sprottin sem ummæli stefnanda báru vitni um, jafnframt í ljósi framgöngu stefnanda gagnvart sér á undangengnum árum.
41. Stefndi andmælir því að um hafi verið að ræða ásökun um refsiverða háttsemi og jafnframt þeirri fullyrðingu stefnanda að sérstakur vinskapur hafi ávallt verið með föður stefnda og stefnanda. Þvert á móti hafi hann oftsinnis orðið var við óvild stefnanda í garð föður síns. Atvikið sem stefndi vísi til í hinum umþrættu ummælum sé æskuminning þar sem hann hafi séð stefnanda í reiði stugga við bróður sínum, föður stefnda, eftir þrætur þeirra á milli. Stefndi hafi verið ungur að árum á þessum tíma og muni ekki nákvæma tímasetningu og hugsanlega sé rétt að atvikið hafi átt sér stað 1991. Minningin sé hins vegar ljóslifandi í huga stefnda.
42. Stefndi mótmælir því að hann hafi haldið því fram að stefnandi hafi framið refsiverðan verknað, enda sé ekki hægt að slá því föstu þegar notað sé orðalagið „að ráðast á“ í almennum samræðum að átt sé við líkamsárás í skilningi 217. gr. eða 218. gr. laga nr.

19/1940. Frásögnin snúist um að stefndi hafi sjálfur orðið vitni að atviki þegar stefnandi sýndi í verki óvild gagnvart föður sínum, bróður stefnanda.

43. Hvað varðar önnur ummæli stefnda sem krafist er ómerkingar á vísar hann til þess að umræða í tölvubréfasamskiptum hafi hafist vegna ábendingar um vanskil rafmagnsreiknings. Í umræðunum hafi stefnandi verið beðinn um að viðhafa kurteisi í samskiptum af I, stjórnarmanni, sem stefnandi hafi svarað með eftirfarandi orðum: „... á þessum vettvangi er svokölluð „lágmarks kurteisi“ löngu orðið sjónarspil glæpamanna uppá yfirborðið þeirra og gildir í þessari veröld sem þú er mætt í, haltu þér á mottunni.“ Í umræðunum fari stefnandi um víðan völl þar sem vísað sé til glæpsamlegrar háttsemi innan félagsins, veruleikafirringar og því lýst yfir að hæft fólk þurfi til að stýra félaginu. Þá vari stefnandi viðmælendur sína, á samtalsþræðinum, við því að setja af stað sölu eignarinnar, og gefi til kynna að af hans hálfu séu dómsmál í aðsigi. Í aðdraganda umþrættra ummæla stefnda hafi stefnandi haft uppi dylgjur um glæpsamlega starfsemi í félaginu, fullyrt að víkja þyrfti stefnda og öðrum frá stjórn félagsins svo hæft fólk gæti tekið við og hótad að fletta ofan af háttsemi í dómsmáli fyrir allra augum og barnanna og unglínganna. Verði ekki séð hvernig stefnandi hafi við svo búið getað vænst þess að stefndi sæti þegjandi og hljóðalaust undir umræddum köpuryrðum, sérstaklega í ljósi forsögunnar.
44. Byggir stefndi á því að ekki sé rétt að fullyrðingar hans séu rangar og ósannar. Þvert á móti sé um að ræða viðbrögð við orðræðu stefnanda og gagnrýni á raunverulega framgöngu hans innan félagsins. Hin umþrættu ummæli feli í sér gildisdóma stefnda sem byggist á raunverulegum atvikum og háttsemi stefnanda og séu bersýnilega innan marka tjáningarfrelsis stefnda, eins þau eru fram sett og í umræddu samhengi.
45. Hvað varðar þriðju ummæli stefnda sem krafist sé ómerkingar á vísar stefndi til þess að krafa stefnanda um ómerkingu nái einvörðungu til hluta umræddrar setningar. Ljóst sé af setningunni í heild að ekki sé vísað til þess að stefnandi hafi tæmt sjóðina með bókstaflegum hætti, þ.e. með því að millifæra fjármuni af bankareikningi eða annarri beinni ráðstöfun fjármuna. Vísað sé til þess að stefnandi hafi tæmt sjóði með málarekstri sínum og síðan bent á að stefnandi hafi staðið í stríði við aðra hluthafa í félaginu. Stefndi vísi í ummælunum til margháttaðra klögu- og kærumála sem stefnandi hafi stofnað til gagnvart félaginu, sem að mati stefnda hafi valdið félaginu verulegu efnislegu tjóni og útgjöldum. Umþrætt ummæli hafi verið látin falla í samskiptum stefnda við starfsmann fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra og megi ráða að samskiptin hafi snúist um skráningu

tilkynninga Hvilftar ehf., svo sem um nýja stjórn og samþykktir, og tafir þar á vegna ítrekaðra andmæla stefnanda.

46. Vísar stefndi til þess að með ummælunum hafi hann unnið að hagsmunum Hvilftar ehf. með því að greiða fyrir skráningu tilkynninga, og bent á að ótækt væri að skráningu tilkynninga væri sífellt frestað vegna ítrekaðra andmæla og klögumála stefnanda. Í því samhengi hafi ekki verið óeðlilegt að bent væri á að stefnandi hefði valdið félaginu tjóni með málarekstri sínum. Stefndi hefði sagt skoðun sína á framgöngu stefnanda og bent á afleiðingar gjörða hans, þ.e. tjón félagsins sem af málarekstri hans hefði hlotist að dómi stefnda. Ummælin hafi verið sett fram í eðlilegu samhengi vegna samskipta við umræddan starfsmann fyrirtækjaskrár, með vísan til staðreynda. Sé um gildisdóm að ræða sem bersýnilega sé innan marka tjáningarfrelsis stefnda, eins og ummælin séu fram sett og í umræddu samhengi. Hafa verði í huga að í aðdraganda þeirra hafi stefnandi beint ásökunum um lögbrot gegn stefnda og lagt fram í kærumálum til Þjóðkirkjunnar, lögreglunnar, ríkisskattstjóra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Móttakandi tölvubréfsins hafi verið starfsmaður fyrirtækjaskrár sem hafi haft til meðferðar andmæli og kvartanir stefnanda, sem m.a. hafi snert á meintu ólögumætu athæfi stefnda.

#### *Niðurstaða*

#### A

47. Stefnandi höfðaði mál þetta upphaflega gegn fimm einstaklingum, stefnda og fjórum öðrum, en féll síðar frá kröfum á hendur þremur þeirra, í þinghaldi 29. apríl 2024. Eftir stóð þá fjárfrafa stefnanda um skaða- og miskabætur úr hendi stefnda og A auk þeirra krafna sem hér sæta úrlausn. Umrædd fjárfrafa laut m.a. að atvikum sem ómerkingarkröfur máls þessa varða jafnframt, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 13. maí 2024, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar frá 27. júní 2024 í máli nr. 437/2024, var fjárkröfu stefnanda vísað frá dómi sökum vanreifunar.
48. Fyrir liggur að stefnandi, sem er ólöglerður, flytur mál sitt sjálfur fyrir dómi. Verður af þeim sökum að ætla honum ákveðið svigrúm til framsetningar málsins, án þess þó að hvikað sé frá kröfum sem gerðar eru til stefnu í einkamáli samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 og svo fremi að það komi ekki niður á möguleikum stefnda til að taka til varna í málinu. Má ráða af greinargerð stefnda að málatilbúnaður stefnanda var nægjanlega skýr svo grípa mætti til efnislegra varna. Ekki eru þannig þeir annmarkar á málatilbúnaði

stefnanda hvað varðar þær kröfur sem eftir standa í málinu sem girða fyrir að efnisdómur verði lagður á það.

## B

49. Ágreiningur aðila máls þessa hverfist um þrenn ummæli stefnda í tölvubréfum sem stefnandi krefst ómerkingar á samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnandi vísar til þess að umrædd ummæli séu röng og ósönnuð og stefndi hafi vegið að æru hans með móðgun og haft uppi aðdróttanir svo að virðingu hans hafi verið hnekkt, sbr. XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en stefndi hafi haft uppi ummælin gegn betri vitund. Stefndi hafnar þessum málatilbúnaði stefnanda og telur m.a. þau hafa verið sett fram í góðri trú, að hluta til falið í sér gildisdóm, auk þess sem horfa verði til samhengis þeirra, svo sem nánar verður rakið.
50. Í þessu máli vegast á tvenns konar stjórnarskrárvernduð réttindi, annars vegar friðhelgi einkalífs stefnanda samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, og hins vegar tjáningarfrelsi stefnda samkvæmt 73. gr. hennar. Við mat á sanngjörnu jafnvægi milli þessara réttinda verða framangreind stjórnarskrárákvæði skýrð í ljósi 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og þeirra viðmiða sem hafa mótast í framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu við úrlausn um hvort takmörkun á tjáningarfrelsi vegna einkalífsréttinda annarra teljist nauðsynleg og samrýmist lýðræðishefðum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans.
51. Af dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins má ráða að gerður er greinarmunur á gildisdómi og staðhæfingu um staðreynd. Gildisdóm er ekki unnt að sanna þótt gera verði þá kröfu, misríka eftir aðstæðum, að sýnt sé að hann eigi sér einhverja stoð í staðreyndum. Þegar um staðhæfingu um staðreynd er að ræða, sem unnt á að vera að sanna, gilda einnig misríkar sönnunarkröfur eftir atvikum og eðli máls. Í tilvikum þar sem erfitt er að koma við sönnun er gjarnan litið til þess hvort viðkomandi hafi verið í góðri trú um réttmæti ummæla sinna er hann lét þau falla. Af dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins verður jafnframt ráðið að við mat á því hvort um gildisdóm eða staðhæfingu um staðreynd sé að ræða verði að skoða heildarsamhengi og framsetningu hinna umdeildu ummæla. Í því sambandi geti bæði haft þýðingu hvort ummælin séu liður í mikilvægri þjóðfélagsumræðu en einnig hvort þau feli í sér aðdróttun um refsiverða háttsemi.

52. Hvort sem um gildisdóma eða staðhæfingar um staðreyndir er að ræða verður að leggja mat á það hvort tjáningarfrelsi verði takmarkað í þágu friðhelgi einkalífs en í því sambandi verður litið til þess hvort ummælin feli í sér framlag til þjóðfélagsumræðu, hvort þau beinist að þjóðþekktri persónu, hvert viðfangsefni þeirra sé og hvort fyrri háttsemi viðkomandi eigi þátt í því að ummælin voru sett fram. Þá getur skipt máli hversu víðtæk útbreiðsla ummælanna er. Verða ummæli stefnda metin heildstætt út frá framangreindum sjónarmiðum, sbr. til hliðsjónar t.d. dóma Landsréttar frá 13. febrúar 2025 í máli nr. 689/2023 og frá 3. apríl 2025 í máli nr. 86/2024.

### C

53. Fyrstu ummæli stefnda sem stefnandi krefst ómerkingar á eru svohljóðandi: „Ég veit ekki af hvaða ástæðu Einar fyrirleit þabba af jafn miklu offorsi og raun bar vitni, man bara eftir því að hafa orðið vitni af því þegar hann réðst á þabba svona 1993–1994.“
54. Umrædd ummæli komu fram í tölvubréfi sem stefndi sendi 6. október 2023 til stefnanda, A, I og F. Vísar stefnandi til þess að umrædd fullyrðing sé augljóslega röng þar sem vinskapur hafi verið milli stefnanda og föður stefnda, auk þess sem stefnandi hafi verið búsettur í Lundúnum 1993 og 1994. Þá byggir stefnandi á því að stefndi hafi sakað stefnanda um líkamsárás án sannana, sbr. 235. gr. laga nr. 19/1940 sem leggi refsingu við ærumeiðandi aðdróttunum.
55. Í aðdraganda ummælanna hafði fyrrnefnd F lýst í tölvubréfi ófrægingarherferð gegn sér af hendi stjórnar Hvilftar ehf. og stefnandi kvaðst trúá lýsingum hennar og vísaði m.a. til rættinna tölvubréfa stefnda. Þá sagði stefnandi m.a., áður en ummæli stefnda féllu, að þetta væru „ordinary glæpir og þjófnaður og yfirhylmingin felst í að bera út þennan hroða um aðila sem stoppa þau af, t.d. 7 mil kr þjófnaður af [J] gersovel“, en af samhengi þeirra má ráða að ummælum stefnanda var m.a. beint að stefnda.
56. Auk tölvubréfaþráðarins má í fyrirliggjandi samhengi horfa til forsögunnar hvað varðar samskipti aðila málsins en líkt og að framan greinir höfðu lengi staðið miklar og persónulegar deilur milli m.a. stefnanda og stefnda, einkum vegna starfsemi Hvilftar ehf. Hafði stefnandi t.d. tvívegis krafist stefnda um að rita undir yfirlýsingu um svonefnt nálgunarbann, kvartað til Þjóðkirkjunnar yfir háttsemi stefnda og kært hann til lögreglu vegna meintra brota gegn friðhelgi stefnanda.
57. Umrædd ummæli stefnda eru í eðli sínu staðhæfing um staðreynd og er það ágreiningslaust milli aðila. Ummælin komu fram í tengslum við að stefndi velti því fyrir sér af

hvaða sökum stefnandi bæri illan hug til hans og hvort það tengdist ágreiningi stefnanda og föður stefnda sem síðar hafi yfirferst á stefnda. Faðir stefnda er fallinn frá og verður ekki ráðið að aðrir séu til vættis um þau atvik sem stefndi vísaði til í ummælum sínum, sem stefnandi kannast ekki við. Þá verður að líta til þess að orðasambandið „að ráðast á“ er margrætt og verður ekki skilið á þann hátt að stefnandi hafi verið ásakaður um refsiverða háttsemi í fyrirliggjandi samhengi ummællanna, sbr. til hliðsjónar t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. apríl 2010 í máli nr. 689/2009. Verður í ljósi atvika málsins lagt til grundvallar að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna í þeim skilningi að hann hafi lýst eigin upplifun og verður hann ekki krafinn um frekari sönnun þar um. Ummælin féllu í tölvubréfi þar sem stefnandi og þrír aðrir einstaklingar voru viðtakendur, en öll eru þau ættmenn og þekktu forsögu ágreinings málsaðila, en ekkert liggur fyrir um frekari dreifingu ummællanna. Að auki verður að gefa því sérstakan gaum að stefnandi hafði í aðdraganda ummællanna látið falla þung orð í garð m.a. stefnda, auk þess sem horfa verður til fyrri ágreinings málsaðila, sem nánar er rakinn hér að framan.

58. Að þessu virtu verður í ljósi þeirra sjónarmiða sem líta ber til þegar veginn er rétturinn til tjáningarfrelsis á móti friðhelgi einkalífs að álíta að sú tjáning sem um er deilt rúmist innan þess frelisis sem stefndi njóti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar þeirra með ómerkingu ummællanna telst þannig ekki uppfylla skilyrði um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi og verður stefndi því sýknaður af umræddri kröfu stefnanda.

## D

59. Önnur ummæli stefnda sem stefnandi krefst ómerkingar á eru svohljóðandi: „Þessi langvarandi og ofbeldisfulla tilraun þín til að taka yfir félagið, ljúga upp skuldum og inni-stæðum.“ Ummælin komu fram í tölvubréfi stefnda 4. október 2023 til stefnanda, auk þess sem A og F voru í afriti tölvubréfsins. Í stefnu segir að ummælin séu röng og ósönnuð og vegi að æru stefnanda.
60. Í aðdraganda ummællanna hafði stefnandi á tölvubréfaþræði lýst því m.a. yfir, í svari við tölvubréfi I, að lágmarkskurteisi væri orðin sjónarspil glæpamanna, en af samhengi þeirra ummæla má ráða að þeim var m.a. beint til stefnda. Þá sagði hann jafnframt í öðru tölvubréfi á sama þræði, svo sem nánar er rakið hér að framan, að dómsmál vegna ágreinings aðila kæmi til greina þar sem ýmis háttsemi kæmi fyrir allra augu.

61. Stefndi lýsti því jafnframt í tölvubréfi, sem þau ummæli sem hér er deilt um komu fram í, að stefnandi hefði dregið í efa lögmætar ákvarðanir á vettvangi Hvilftar ehf. Háttsemi stefnanda væri að sliga það fólk sem hefði í einfeldni sinni gengið í félagið með honum. Stefnandi hótaði nú dómsmáli og því spyrði stefndi hvort stefnandi væri tilbúinn að gera bindandi kauptilboð í hluti stefnda í Hvilft ehf.
62. Af samhengi umdeilda ummæla er í ljósi gagna málsins ljóst að stefndi vísar til ágreinings á vettvangi Hvilftar ehf., m.a. um skuld sem stefnandi taldi að Hvilft ehf. ætti eftir að greiða honum vegna endurbóta á fasteign félagsins, kröfur sem hann hafði uppi gagnvart stefnanda vegna fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns svo og kröfur hans um að viðskipti með hluti í félaginu gengju til baka. Stefnandi hafði t.d. talið stefnda skulda Hvilft ehf. leigu vegna dvalar stefnda í húsakynnum félagsins. Þá krafðist stefnandi fyrir hönd C tilnefningar rannsóknarmanna vegna sölu á tilteknum hlutum í Hvilft ehf. sem fór fram árið 2015 en þeim kröfum var hafnað með bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 9. febrúar 2021. Þá krafðist hann þess jafnframt fyrir hönd C að tilteknir hluthafafundir í Hvilft ehf. árið 2019 yrðu úrskurðaður ólögmætir en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 14. júní 2021. Aukinheldur hafði stefnandi vísað í tölvubréfi sínu 21. ágúst 2023 til þess að á vettvangi félagsins væri skipulögð atлага til auðgunarbrotis.
63. Þótt ummæli stefnda um „langvarandi og ofbeldisfulla tilraun“ stefnanda til að taka yfir Hvilft ehf. og „ljúga upp skuldum og innistæðum“ séu hvöss verður af samhengi þeirra og forsögu ráðið að þau vísa til persónulegrar upplifunar stefnda af háttsemi stefnanda. Verður þannig ekki talið að þau feli í sér staðhæfingu um staðreynd sem stefnda beri að færa sönnur á heldur skoðun stefnda á umræddri háttsemi stefnanda, sbr. til hliðsjónar t.d. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sokolowski gegn Póllandi frá 29. mars 2005 í máli nr. 75955/01, efnisgrein 46. Telja verður þannig að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna, sem endurspegluðu skoðanir hans á háttsemi stefnanda, og verður hann ekki krafinn frekari sönnunar þar um. Ummælin féllu í tölvubréfi þar sem stefnandi og tveir aðrir einstaklingar voru viðtakendur, en öll eru þau sem fyrr greinir ættmenni og þekktu forsögu ágreinings málsaðila, en ekkert liggur fyrir um frekari dreifingu ummælanna. Að auki verður sem fyrr að gefa því sérstakan gaum að stefnandi hafði í aðdraganda ummælanna látið falla þung orð í garð m.a. stefnda, auk þess sem horfa verður til fyrri ágreinings málsaðila.

64. Að þessu virtu verður í ljósi þeirra sjónarmiða sem líta ber til þegar veginn er rétturinn til tjáningarfrelsis á móti friðhelgi einkalífs að álíta að sú tjáning sem um er deilt rúmist innan þess frelsis sem stefndi njóti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar þeirra með ómerkingu ummælanna telst þannig ekki uppfylla skilyrði um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi og verður stefndi því jafnframt sýknaður af umræddri kröfu stefnanda.

## E

65. Þriðju ummæli stefnda sem stefnandi krefst ómerkingar á eru svohljóðandi: „... hefur [nú] tæmt alla sjóði félagsins.“ Í stefnu er vísað til þess að umrædd ummæli hafi komið fram í tölvubréfi sem stefndi sendi til fyrirtækjaskrár en gögn málsins gefa til kynna að tölvubréfið hafi verið sent 22. júní 2021. Í stefnu segir að ummælin séu augljóslega röng þar sem stefnandi hafi ekki haft möguleika á að tæma sjóði Hvilftar ehf. með enga prókúru.

66. Af framlögðum gögnum má ráða að stefndi hafi átt í samskiptum við starfsmann fyrirtækjaskrár vegna skráningar stjórnar Hvilftar ehf. í skrána. Í tölvubréfi stefnda 6. maí 2021 kemur m.a. fram að stefnandi hafi gert athugasemdir við og reynt að hindra eðlilegan framgang mála hjá félaginu. Stjórn félagsins sé nú formleg og rétt skráð. Vísar stefndi m.a. til ákvörðunar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 9. febrúar s.á., þar sem kröfum stefnanda fyrir hönd C um tilnefningu rannsóknarmanna var hafnað. Hinn 21. júní s.á. sendi starfsmaður fyrirtækjaskrár stefnda tölvubréf þar sem fram kom að gerð væri athugasemd við tilkynningu frá Hvilft ehf. varðandi undirritun tilkynningar um breytingu á stjórn í félaginu. Stefndi svaraði tölvubréfinu daginn eftir og spurði hverju því sætti að samþykktir félagsins hefðu enn ekki verið skráðar þrátt fyrir ítarlegt ferli hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og að tímabundinni læsingu á starfsemi félagsins hjá skattyfirvöldum hefði verið aflétt. Samdægurs svaraði starfsmaður fyrirtækjaskrár og upplýsti um að málið væri enn í ferli þar sem samþykktunum hefði verið andmælt og beðið væri eftir svörum við þeim andmælum. Eftir það yrði ákvarðað í málinu og tekin ákvörðun um hvort samþykktir yrðu skráðar. Stefndi svaraði því tölvubréfi samdægurs og sagði að einstaklingurinn sem um ræddi hefði nú tæmt alla sjóði félagsins með málarekstri sínum – sem í hverju efni – og sístæðum þrætum í nærri heilan áratug, hefði staðið í stríði við aðra hluthafa og eigendur í félagi sem hafi verið stofnað

um viðhald og rekstur ættarjarðar. Tiltók stefndi og m.a. að stjórn félagsins gæti ekki starfað án þess að hafa umboð/prókúru fyrir reikninga félagsins.

67. Fyrir liggur og að umræddur starfsmaður fyrirtækjaskrár var í samskiptum við þáverandi stjórnarformann Hvilftar ehf., K, í marsmánuði 2021, þar sem K var upplýstur um að félagið væri læst og samþykktir yrðu ekki skráðar þar sem málið væri í bið þar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úrskurðaði í því.
68. Af samhengi umdeilda ummæla er í ljósi gagna málsins ljóst að stefndi vísar til þess að stefnandi hafi valdið Hvilft ehf. fjárhagslegu tjóni með málarekstri sínum, sem varðar þá einkum þær kröfur sem hann hafði uppi gagnvart félaginu sem lauk með fyrrnefndum úrlausnum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þótt ummælin um að stefnandi hafi „tæmt alla sjóði félagsins“ með málarekstrinum séu hvöss verður af samhengi þeirra og forsögu ráðið að þau vísa til persónulegrar upplifunar stefnda af háttsemi stefnanda. Verður þannig ekki talið að þau feli í sér staðhæfingu um staðreynd sem stefnda beri að færa sönnur á heldur skoðun stefnda á háttsemi stefnanda. Telja verður að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna, sem endurspegluðu skoðanir hans á háttsemi stefnanda, og verður hann ekki krafinn frekari sönnunar þar um. Ummælin féllu í tölvubréfi þar sem starfsmaður fyrirtækjaskrár var einn viðtakandi og verður af gögnum málsins ráðið að hann hafi þekkt að hluta forsögu ágreinings málsaðila hvað varðar lögmæti ákvarðana á vettvangi Hvilftar ehf., en ekkert liggur fyrir um frekari dreifingu ummælanna. Tílefni ummælanna var m.a. að breytingar á stjórn Hvilftar ehf. fengust ekki samþykktar meðan beðið var eftir úrlausnum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna kæra stefnanda. Í fyrirliggjandi samhengi hefur ekki sérstaka þýðingu fyrir mat á ummælum stefnda þótt þau hafi komið fram í tölvubréfi úr netfangi hans hjá Þjóðkirkjunni.
69. Að framangreindu virtu verður í ljósi þeirra sjónarmiða sem líta ber til þegar veginn er rétturinn til tjáningarfrelsis á móti friðhelgi einkalífs að álíta að sú tjáning sem um er deilt rúmist innan þess frelsis sem stefndi njóti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar þeirra með ómerkingu ummælanna telst þannig ekki uppfylla skilyrði um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi og verður stefndi því og sýknaður af umræddri kröfu stefnanda.

70. Eftir úrslitum málsins, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og að gætri tíma-skýrslu lögmanns stefnda, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði að gættum virðisaukaskatti. Ekki eru efni til að taka til greina kröfu stefnda um álag á málskostnað.
71. Stefnandi flutti málið sjálfur fyrir dómi og Ingvi Hrafn Óskarsson lögmaður fyrir stefnda.
72. Sindri M. Stephensen, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, Arnaldur Máni Finnsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Einars Þórs Gunnlaugssonar.

Stefnandi greiði stefnda 1.900.000 krónur í málskostnað.

Sindri M. Stephensen